



Betri Borgarfjörður

Skilaboð íbúapings á Borgarfirði eystri, febrúar 2018



EFNISYFIRLIT

Samantekt	2	9. Ásýnd, umhverfi, markaðssetning og umfjöllun	15
1. Inngangur	3	10. Virkt og gott samfélag	16
2. Forgangsröðun	4	10.1 Fyrirmyndarsamfélag – samskipti.....	16
3. Verslun og þjónusta	5	10.2 Félög og afþreying	17
3.1 Verslun	5	10.3 Íslenskukennsla og efling erlendra íbúa.....	18
3.2 Heilbrigðisþjónusta	7	10.4 Sumarhús.....	18
3.3 Veitingahús.....	7	11. Horft út í heim	19
4. Húsnæðismál	8	11.1 Vistþorp	19
5. Samgöngur og fjarskipti	9	11.2 Heilsustofnun.....	20
6. Atvinnumál almennt	10	11.3 Lýðháskóli	20
6.1 Fiskveiðar og vinnsla og framtíð landbúnaðar	10	12. Styrkleikar og sjálfbærni	21
6.2 Nýsköpun og heilsársstörf.....	10	12.1 Styrkleikar	21
7. Ferðaþjónusta	11	12.2 Sjálfbærni.....	22
7.1 Afþreying fyrir ferðamenn.....	11	13. Sögur og söfn	23
7.2 Borgarfjörður Escape	12	13.1 Sögur.....	23
7.3 Handverk.....	13	13.2 Söfn.....	24
7.4 Tónlistarþorpið.....	13	14. Framtíðarsýn – 2028	25
8. Grunnskólinn	14	15. Að lokum	28

*Öllum sem þátt tóku í íbúáþinginu á Borgarfirði
eystri og þeim sem aðstoðuðu við framkvæmdina,
eru færðar bestu þakkir fyrir gott samstarf
og vel heppnað þing.*

Umsjón með íbúáþinginu og þessari samantekt hafði Sigurborg Kr. Hannesdóttir hjá ILDI, þjónustu og ráðgjöf, í samstarfi við fulltrúa Byggðastofnunar, Borgarfjarðarhrepps, Austurbrúar og Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA).

Íbúáþingið var haldið í félagsheimilinu Fjarðarborg. Kvenfélagið Einingin hafði umsjón með veitingum, sem voru í boði Byggðastofnunar.

Eftirtalin skipa verkefnisstjórn og unnu, auk ILDIs að undirbúningi, framkvæmd þings og kynningarmálum fyrir og eftir þing:

Elísabet Sveinsdóttir, fulltrúi íbúa.

Eva Pandora Baldursdóttir, Byggðastofnun.

Jón Þórðarson, sveitarstjóri Borgarfjarðarhrepps.

Jóney Jónsdóttir, Samband sveitarfélaga á Austurlandi.

Kristján Þ. Halldórsson, Byggðastofnun

Óttar Már Kárason, fulltrúi íbúa.

Signý Ormarsdóttir, Austurbrú.

Samantektin var unnin af ILDI sem naut yfirlestrar verkefnisstjórnar.

Ljósmynd á forsíðu tók Kristján Þ. Halldórsson. Myndir frá honum í samantektinni eru merktar KPH. Aðrar myndir eru frá ILDI.



SAMANTEKT

Borgarfjörður eystri hefur fjölmarga möguleika til að þar megi efla byggð til framtíðar, byggða á fjölbreyttri atvinnustarfsemi og þeim grunni sem þegar er til staðar, náttúru, atvinnu, sögu og mannauði.

Þetta kom fram á íbúðingum sem haldið var helgina 10. – 11. febrúar í Fjarðarborg. Mæting var mjög góð og létu heimamenn og brottfluttir veðurfarið ekki aftra sér. Verkefnið markar upphaf að verkefni Byggðastofnunar, í hinum svokölluðu Brothættu byggðum, í samstarfi við Borgarfjarðarhrepp, Samband sveitarfélaga á Austurlandi, Austurbrú og íbúa Borgarfjarðar.

Brýnasta verkefnið er að komið verði upp verslun á Borgarfirði, en þar hefur ekki verið rekin verslun frá síðasta hausti. Sögðu þátttakendur það „...algjört forgangsmál að komin verði verslun fyrir vorið“.

Húsnæðismál voru líka ofarlega á blaði og kallað eftir auknu framboði á leiguhúsnæði. Varðandi samgöngur og fjarskipti kom fram að þörf er á bundnu slitlagi á veginn til Egilsstaða.

Til að efla fiskveiðar og vinnslu þarf sérstakan byggðakvóta og fullvinnslu á hráefnum. Gera þarf jarðir sem ekki eru í ábúð aðgengilegar og varðveita ræktunarland.

Ferðapjónusta stendur á góðum grunni og á mörg sóknarfæri. Skilgreina þarf áfangastaðinn Borgarfjörð betur og móta framtíðarsýn. Rætt var um nýsköpun almennt, m.a. störf án staðsetningar og fullvinnslu matvæla.

Borgfirðingar vilja að íbúum fjölgi, ekki síst ungu fólki með börn og þannig verði rennt styrkari stoðum undir starfsemi leik- og grunnskóla. Bæta þarf heilbrigðisþjónustu.

Heimamenn hafa metnað fyrir fallettri ásýnd og umhverfi og umhverfismál í víðum skilningi voru ýmsum ofarlega í huga, t.d. hugmynd um byggingu vistþorps og umræður um aukna áherslu á sjálfbærni.

Afþreying bæði fyrir heimamenn og gesti var rædd í nokkrum hópum og m.a. komið inn á starfsemi félagsamtaka og hugmyndir þar sem sérstaða Borgarfjarðar væri nýtt til að búa til einstaka upplifun fyrir ferðamenn. Rætt var um „fjarbúa“ sem auðlind og stungið upp á stofnun „Fjarbúafélagsins“.

Að frumkvæði ungs fólks á þinginu var rætt um lýðháskóla þar sem áherslur gætu verið tengdar náttúru, sjálfbærni og menningu. Almennt var lögð áhersla á að rækta góðan samfélagsanda og samstöðu. Að fortíð skal hyggja er framtíð skal byggja og var farið yfir þann mikla efnivið sem býr í sögunni.

Nú mun verkefnisstjórn taka við þessum skilaboðum og móta á grundvelli þeirra og stöðugreiningar, verkefnisáætlun með framtíðarsýn og markmiðum fyrir byggðapróunarverkefni sem staðið getur í allt að fjögur ár. Verkefninu var valið heitið „Betri Borgarfjörður“.

Það var eftirminnileg stund í lok þings, þegar þátttakendur sungu saman ljóð Borgfirðingsins Sigurðar Ó. Pálssonar, „Nú kemur vorið“, við lag Færeyingsins Birnis Dan. Þá varð hún næstum áþreifanleg, tryggð íbúa og brottfluttra gagnvart heimabyggðinni Borgarfirði eystri.

1. INNGANGUR

Helgina 10. – 11. febrúar var haldið íbúaping á Borgarfirði eystri. Mæting var góð, bæði af hálfu heimamanna og brottfluttra og voru þinggestir á breiðum aldri.

Þingið markaði upphaf að byggðapróunarverkefni, sem þátttakendur gáfu nafnið „Betri Borgarfjörður“. Byggðastofnun stendur að verkefninu, í samstarfi við Borgarfjarðarhrepp, Austurbrú, Samband sveitarfélaga á Austurlandi og íbúa svæðisins. Verkefnisstjórn skipuð fulltrúum þessara aðila, leiðir verkefnið.

Verkefni Byggðastofnunar, sem hlotið hefur heitið Brothættar byggðir, hófst árið 2012 og hefur þessu verklagi nú verið beitt á níu stöðum á landinu, auk Borgarfjarðar eystri. Meginmarkmið verkefnisins, samkvæmt verkefnislýsingu Byggðastofnunar, „...er að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og í sveitum landsins. Verkefnið miðar að víðtæku samráði og því að virkja þekkingu og getu íbúa byggðarlaga til að móta framtíðarsýn, markmið og lausnir. Þeim aðferðum sem er beitt er ætlað að stuðla að valdeflingu, (empowerment), sem birtist m.a. í fyrirkomulagi funda og í ferlinu í heild sinni.“

Skilaboð íbúapings, ásamt stöðugreiningu, eru efniviður fyrir framtíðarsýn og verkefnisáætlun til allt að fjögurra ára. Verkefnisstjórn og verkefnisstjóri fylgja málum eftir, með virkri þátttöku íbúa.

Fyrirkomulag þingsins var svokallað „Ópið rými“ – Open Space¹. Þátttakendur stungu upp á umræðuefnum, leiddu umræðuhópa og slógu gögn í tölvu og byggir samantekin á þeim. Kaflaheiti fylgja í meginatriðum yfirskriftum á umræðuefnum. Einnig er greint frá afrakstri ferðalags inn í framtíðina, þar sem þátttakendur horfðu til ársins 2028.

Sigurborg Kr. Hannesdóttir, hjá ILDI, þjónustu og ráðgjöf, hafði umsjón með íbúapinginu, en hún hefur sérhæft sig í slíkum verkefnum og vinnur eftir alþjóðlegum viðmiðum, gildum og siðareglum.



¹ <http://www.openspaceworld.org/>

2. FORGANGSRÖÐUN

Í lok þingsins forgangsröðuðu þátttakendur málaflokkum, út frá mikilvægi fyrir eflingu byggðar á Borgarfirði eystri. Hver þátttakandi fékk 10 punkta til að útteila á málaflokka eftir eigin mati.


Brýnustu málin snúast um innviði og það lang brýnasta eru úrbætur varðandi verslun og þjónusta. Húsnæðismál og samgöngur og fjarskipti skipta einnig mjög miklu máli fyrir byggðapróun á Borgarfirði. Þar á eftir röðuðu þátttakendur atvinnumálum, sérstaklega fiskveiðum og vinnslu, framtíð landbúnaðar og nýsköpun og heilsársstörfum.

Heilbrigðisþjónusta er ofarlega á blaði, sem og grunnskólinn. Því næst raðast málefni sem öll tengjast birtingarmynd Borgarfjarðar, bæði í umfjöllun og á vettvangi, þ.e. „Ásýnd, umhverfi, markaðssetning og umfjöllun“.

Vistþorp annars vegar og afþreying, ferðaþjónusta og handverk hins vegar, hlutu álíka mikið vægi og þar á eftir vangaveltur um bætt samskipti, undir yfirskriftinni „Fyrirmyndarsamfélag“ og hugmynd um þrautaleik undir heitinu „Borgarfjörður Escape“.

Önnur málefni á dagskrá þingsins voru sjálfbærni, lýðhaskóli, íslenskukennsla og efling erlendra íbúa, sögur, sumarhús, félög, tónlistarþorpið, styrkleikar, heilsustofnun og söfn. Líkt og í öðrum ofangreindum málum urðu um þær hugmyndir líflegar umræður sem skila góðum efniviði fyrir framhaldið. Hafa ber í huga varðandi forgangsröðunina að eðlilega hljóta málaflokkar meira vægi en einstök verkefni, en þau geta engu að síður skipt miklu máli í framhaldinu.

Í köflunum hér á eftir, er fjallað nánar um þau atriði sem sjá má á myndinni.



3. VERSLUN OG ÞJÓNUSTA

Verslun og þjónusta voru rædd í þremur hópum. Á laugardeginum starfaði einn umræðuhópur um málefnið „Verslun og þjónusta“ og á sunnudeginum annar hópur um „Verslunarmál“. Þá ræddi einn hópur um heilbrigðisþjónustu.

3.1 VERSLUN

Engin verslun er á Borgarfirði eystri og hefur ekki verið undanfarna mánuði. Þetta brennur mjög á íbúum sem ræddu ýmsa möguleika til lausnar.

Fram kom að Kaupfélag Borgarfjarðar eystri á 100 ára afmæli í ár.

HVAR

Vangaveltur voru um húsnæði og eftirtaldir staðir nefndir:

- Gamli leikskólinn verður að verslun en ræktin flyst yfir í Fjarðarborg.
- Er hægt að opna aftur í pósthúsinu?
- Hvað með nýja húsið í Höfn?
- Kanna hvort verslunarhúsnæði Eyrinnar sé til sölu eða til leigu.

HVERJIR

- Vill Nettó koma aftur? Eða aðrir?
- Kanna aðkomu hreppsins. Getur Borgarfjarðarhreppur tekið að sér verslunarrekstur?
- Ef ekki, þá kanna hvort Samkaup vilji reka verslun.



HVERNIG

Samstaða og ef til vill formlegt samstarf heimamanna um verslun var fólki ofarlega í huga, t.d. hvort íbúar hafi áhuga á að stofna einkahlutafélag um verslun. Jafnframt var nefndur sá möguleiki að stofna hagsmunafélag um húsnæði til að auðvelda rekstraraðila að koma og skapa sér starf.

Lögð var áhersla á að heimamenn þurfi að standa þétt saman því ef verslun eigi að þrífast á staðnum þurfi íbúar og atvinnurekendur að beina viðskiptum sínum þangað.

Rætt var um pöntunarþjónustu og þá annars vegar þann möguleika að verslun á staðnum væri með pöntunarþjónustu, en ekki er ljóst á því sem hóparnir skráðu niður í umræðum, hvort fólk var að velta fyrir sér pöntunarþjónustu sem lausn, ef EKKI væri verslun á staðnum.

Þá voru uppi hugmyndir um að tvinna saman verslun og skólastarf, sem tímabundið verkefni, í lotu(m) yfir veturinn, eða reglulega. Þá gætu nemendur tekið að sér að afgreiða og panta o.fl., vikulega.

Einnig var rætt um samnýtingu á húsnæði og starfsmanni þar sem væri verslun, upplýsingamiðstöð, kaffihorn og sala á handverki. Í því sambandi var stungið upp á að kanna fyrirkomulag og reynsluna af Blábankanum, sem er þjónustu- og nýsköpunarmiðstöð á Þingeyri.

„Það er algjört forgangsmál að hér sé komin verslun fyrir vorið.“

Næstu skref

Næstu skref, væru að mati hópanna þessi:

- Skipa undirbúningshóp vegna búðarmála.
- Kanna hvort íbúar hafi áhuga á að reka saman verslun, mögulega með stofnun einkahlutafélags, eða stofnun hagsmunafélags í sambandi við húsnæði.
- Tala við sveitarstjórn um einhverskonar samstarf og þátttöku varðandi húsnæðismál og fleira.
- Tala við Samkaup.

Niðurstaðan var ótvíræð, sem sést m.a. á því að þegar málefnum var forgangsraðað í lok þings, var „Verslun og þjónusta“ lang efst á lista þátttakenda. Eða eins og það var orðað: „Það er algjört forgangsmál að hér sé komin verslun fyrir vorið.“



3.2 HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA

Heilbrigðisþjónusta á Borgarfirði er sinnt af Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA). Fram kom á íbúáþinginu að í dag er heilbrigðisþjónusta þannig að hjúkrunarfræðingur kemur tvisvar í mánuði, ef færð hamlar ekki. Þetta töldu þátttakendur „...engan veginn boðlegt“ og að almennt sé þörf á betri heilbrigðisþjónustu. Mikilvægt sé að hafa starfandi hjúkrunarfræðing á staðnum, vegna ýmissar þjónustu og það sé ein af grundvallarstoðum þessa litla samfélags.

Samkvæmt því sem rætt var á þinginu mun vera til „...laus staða hjúkrunarfræðings í 40 – 50% vinnu og hægt að stækka upp í 100% með helgarvinnu annarsstaðar“. Bent var á að „íbúarnir eldast“ sem hefur áhrif á þörf fyrir þjónustu. Auk þjónustu hjúkrunarfræðings var rætt um þjónustu við eldri borgara, sjúkraþjálfun, persónulega þjónustu og heimilishjálp. Einnig var rætt um sjúkraflutninga og kom fram að nú sé verið að bjóða upp á frekar veigamikið námskeið í sjúkraflutningum. Þá hafa Borgfirðingar áhyggjur af því að í neyðartilvikum sé of lítt búnaður á staðnum fyrir lækni.

Símaþjónusta og viðmót eru mikilvægir þættir í heilbrigðisþjónustunni, sögðu þátttakendur, sem töldu það engan veginn nógu gott að það þurfi að hringja til Reykjavíkur ef upp kemur neyðartilvik þegar ekki er opið á Egilsstöðum. Einnig kom fram að breyta þurfi „...viðhorfi hjá heilbrigðisþjónustunni þegar að menn hringja. Ekki nógu gott að það sé ekki hlustað á fólk nema það sé við dauðans dyr“.

Loks töldu þátttakendur það jákvætt að HSA sé að skoða það að taka upp fjarlækningar, sem gætu leyst einhvern vanda í heilbrigðisþjónustunni á Borgarfirði eystri.

Næstu skref

- Setja meiri þrýsting á HSA að bæta þjónustu hér. Skoða hvort hægt sé að setja pólitískan þrýsting.
- Auglýsa meira hjúkrunarfræðingsstarfið sem er laust.
- Finna einhvern einstakling til að fara á sjúkraflutninganámskeið. Athuga einnig með styrki til að fjármagna það.
- Tala við HSA um að fá að vera tilraunaverkefni í fjarlækningunum.

3.3 VEITINGAHÚS

Þátttakendur áttu sér þá frómu ósk að hægt væri að hafa opið á veitingahúsum einhverjar helgar yfir veturinn. Íbúa vanti samkomustað yfir vetrartímamann, til að spjalla, spila og t.d. hafa Pubquiz.

Hugmyndin var sú að Álfakaffi og Blábjörg gætu kannski skipst á að hafa opið, einn til tvo föstudaga eða laugardaga í mánuði eða aðra hvora helgi.



4. HÚSNÆÐISMÁL

Á íbúabpinginu fór fram umræða um húsnæðismál í einum hópi og snerist hún fyrst og fremst um leiðir til að bregðast við skorti á leiguhúsnæði á Borgarfirði.

Hópurinn velti fyrir sér hvort hægt væri að byggja húsnæði sem síðan yrði boðið til útleigu. Bent var á að verð á aðföngum komnum til Borgarfjarðar sé mjög hátt og var nefnt sem dæmi að það kosti 400 þúsund krónur að fá steypubíl frá Reyðarfirði. Því vaknaði sú spurning hvort lækka mætti byggingarkostnað með beinum innflutningi og einnig hvort gámahús gætu komið til greina. Eins hvort hægt væri að bjóða fríar lóðir.

Varðandi það hver ætti að byggja leiguhúsnæði nefndi hópurinn nokkra möguleika:

- Hreppurinn?
- Einkaaðili?
- Byggingarfélag?

Spurt var hvort hægt yrði að stofna nýtt leigufélag þar sem núverandi leiguíbúðir kæmu inn í og stæðu þannig einnig undir kostnaði af nýjum leiguíbúðum?

Næstu skref:

- Gera þarfagreiningu. Hvernig húsnæði vantar? Hverja langar í húsnæði?
- Húsnæðismálahópur.



*„Það þarf að byggja húsnæði sem á að leigja út.
Hver gerir það?“*

5. SAMGÖNGUR OG FJARSKIPTI

Samgöngur og fjarskipti voru í þriðja sæti í forgangs röðun þátttakenda í íbúáþinginu á Borgarfirði. Í hópi sem fjallaði um þau mál var rætt um samgöngur „nær og fjær“ og fjarskipti. Slæmt ástand vegarins upp á Hérað var fólki ofarlega í huga og var kallað eftir bundnu slitlagi til Egilsstaða. Meðal annars var stungið upp á því að „fara fram á göng til að fá veg!“.

Fram kom að tryggja þurfi fjármagn í viðhald vegna vega inn í Loðmundarfjörð, Breiðuvíkurveg o.þ.h. Þátttakendur töldu þörf á tvöföldun vegar út í Höfn og bentu á slyshættu en spurðu jafnframt hvort til væru mælingar á umferðinni þangað. Þá var rætt um að tala fyrir lægri kostnaði við flugsamgöngur. Póstþjónusta þyrfti að vera betri og „...að afleitt sé að hafa pakkaþjónustu eingöngu annan hvern dag“. Í umræðu um fjarskipti kom fram að símasamband sé sums staðar afleitt og ekki sé GSM símasamband í Njarðvík og Vatnsskarði og á miðunum. Hins vegar séu góð fjarskipti í þorpinu til fjarvinnu.

Íbúar sáu það helst til úrlausnar að auka þrýsting á stjórnvöld með öflugum talsmanni eða með því að búa til þrýstihóp. Og Borgfirðingar hafa ekki látið sitja við orðin tóm. Tíu dögum eftir íbúáþingið kom fólk saman í Njarðvíkurskriðum og steypiti u.þ.b. þriggja metra langan vegakafli, til að mótmæla „...óviðunandi ástandi í vegamálum“. ² Einnig var samgöngu- og

² Sbr. Frétt á www.mbl.is, 19.02.2018.

https://www.mbl.is/frettir/innlent/2018/02/19/ibuar_steypitu_fyrstu_metrana_sjalfir/

sveitarstjórnarráðherra afhent áskorun með 2.461 nafni, um að setja Borgarfjarðarveg á samgönguáætlun.³

Næstu skref

- Þrýstingur á stjórnvöld.
- Bundið slitlag til Egilsstaða (fara fram á göng!).
- Breikkun vegar út í Höfn (mögulega með útskotum).
- Benda á mikla slyshættu vegna hafnarveggar.
- GSM samband í Njarðvík og fyrir miðin. Eykur öryggi.



6. ATVINNUMÁL ALMENNT

Þessi kafli byggir á umræðu tveggja hópa um atvinnumál:

- Fiskveiðar og vinnsla og framtíð landbúnaðar.
- Nýsköpun og heilsársstörf.

Í næsta kafla er svo fjallað um ferðaþjónustu.

6.1 FISKVEIÐAR OG VINNSLA OG FRAMTÍÐ LANDBÚNAÐAR

Borgfirðingar ættu, að mati hópsins, að leita leiða til að auka fullvinnslu á matvælum á staðnum, bæði kjöti og fiski og þar væru samlegðaráhrif með ferðaþjónustu.

Greindir voru ýmsir möguleikar til að renna styrkari stoðum undir sjávarútveg og var þar sérstakur byggðakvóti efstur á blaði. Einnig stærri bátar og bætt hafnaraðstaða og stungið var upp á harðfiskvinnslu.

Varðandi landbúnað var bent á að gera mætti „...jarðir sem eru ekki í ábúð, aðgengilegar“ og að varðveita þurfi ræktunarland og skurði.

Næstu skref

- Markaðssetning á vörum sem eru fullunnar á staðnum.
- Athuga með sérstakan byggðakvóta / vinnslu afla.
- Auka fjölbreytni í landbúnaði / fullvinna meira.

6.2 NÝSKÖPUN OG HEILSÁRSSTÖRF

Hér var rætt um atvinnumál út frá hugmyndum um nýsköpun og þörf fyrir heilsársstörf og lögð áhersla á að hvert eitt starf skipti máli. Fram kom ósk um sértækan byggðakvóta, líkt og í umræðu um fiskveiðar og vinnslu.

Þessar hugmyndir rötuðu á blað:

- Byggingarfélag.
- Vatnsútflutningur.
- Orkuveita.
- Ferðaþjónusta – heilsárs.
- Handverk.
- Fjarvinnsla – störf án staðsetningar (hönnun, bókhald, símsvörun, sala).
- Ferðaskrifstofa.
- Fullvinnsla matvæla (fisk).

Spurt var hver sé mannauðurinn til verkefna og bent á að skortur á íbúðarhúsnæði sé vandamál. Þá var rætt um atvinnuhúsnæði og möguleika á að koma upp iðngörðum.

Næstu skref

- Undirbúningsfundur vegna byggingarfélags.
- Markaðssetning ferðaþjónustu á heilsársgrundvelli.
- Störf án staðsetningar, úttekt og könnun.
- Endurvekja verkefnið Dyrfjöll – Náttúrugarður.
- Sértækur byggðakvóti.

7. FERÐAÞJÓNUSTA

Ferðaþjónusta var til umræðu í þremur hópum. Einn þeirra ræddi um afþreyingu, ferðaþjónustu og handverk, annar um hugmynd að þrautaleik undir heitinu „Borgarfjörður Escape“ og sá þriðji um tónlistarþorpið.

Fram kom áhersla á að móta framtíðarsýn fyrir ferðaþjónustu. Skilgreina þurfi áfangastaðinn Borgarfjörð og mikilvægt sé að hugsa út frá heilsársstarfsemi. Jafnframt verði lögð áhersla á markaðssetningu.

Spurt var:

- Hvert ætlum við með ferðaþjónustuna?
- Massatúrismi?
- Hver er markhópurinn?

7.1 AFÞREYING FYRIR FERÐAMENN

Eftirtalið var nefnt sem afþreying fyrir erlenda ferðamenn:

- Hestar.
- Kajakar.
- Sigling (Höfn í Höfn).
- Gönguþorpið/gönguferðir.
- Víknaslóðir/Ferðafélagið.

Næstu skref

- Móta heildarstefnu fyrir ferðaþjónustuna.
- Markaðsstofu.
- Rekstur siglingaferða.

„Skilgreina áfangastaðinn Borgarfjörð.“



7.2 BORGARFJÖRÐUR ESCAPE

Undir þessu heiti var rædd hugmynd að þrautaleik á Borgarfirði sem væri afþreying fyrir ferðamenn, en aðrir markhópar væru t.d. fyrirtæki og Bræðslugestir. Heitið „Borgarfjörður Escape“ þýði að Borgarfjörður er „Escape“ frá umheiminum. Leikinn mætti staðfæra fyrir Borgarfjörð, með áherslu á álfapema, báta og borgfirsku náttúru – sem mætti útvíkka utandyra. Stefna ætti að heilsársafþreyingu, sem myndi styðja við ferðamennsku.

Hægt væri að tengja við ratleik, til dæmis:

- Ljósmyndaratleikur – Staðir / fólk
- Ratleikur sem fræðsla – Tengja við gönguborð.

Nokkrir staðir voru nefndir sem möguleg staðsetning:

- Fjarðarborg- efri hæð/kjallari.
- Kögur.
- Pósthús.
- Flugvöllur.

Leikinn mætti samtvinna við annað, t.d. bátasafn, upplýsingamiðstöð og matsölu/Já sæll, sem er veitinga- og skemmtistaður í Fjarðarborg og í því samhengi var sagt „Ásgrímur lykлавörður“.

Bent var á að stofnkostnaður sé lítill, annar en húsnæði.

Mikilvægt sé að leikurinn sé stöðugt í þróun, honum þurfi að breyta reglulega, því ekki sé gaman að leysa sömu þraut tvisvar.

Næstu skref

- Skoða regluverk. Er Escape lögverndað?
- Rannsaka staðsetningarmöguleika.



7.3 HANDVERK

Handverksfólk á Borgarfirði á sér þann draum að þar verði til vettvangur og/eða miðstöð fyrir handverksfólk, t.d. handverkshús.

Þar gæti verið söluaðstaða og var rætt um leiðir til að starfsemin gæti orðið sjálfbær. Niðurstaðan var sú að það yrði einungis mögulegt með styrkjum og nauðsynlegt að fá aðstoð frá sveitarfélaginu.

Næstu skref

- Handverkshús.



7.4 TÓNLISTARÞORPIÐ

Rætt var um hvernig mætti nýta enn frekar tækifæri Borgarfjarðar tengd tónlist. Áhugi var á að bjóða upp á tónlistarbúðir, vinnubúðir fyrir tónlistarfólk. Sérstaklega var vísað til listaverkasmíðjunnar 720°, sem haldin var árið 2015, en þá dvöldu 10 tónlistarmenn á Borgarfirði og lauk dvölinni með uppskeruhátíð.

Einnig var rætt um möguleg samvinnuverkefni og rötuðu þessir punktar á blað: Upplifanir, leikskóli, grunnskóli, kaffivél....

Næstu skref

- Endurtaka 720°. Sækja um styrk



8. GRUNNSKÓLINN

Á þinginu kom fram að staða grunnskólans er brothætt, en jafnframt virðist mikill áhugi á að styrkja stöðu hans og barna á Borgarfirði.

Mikilvægt sé að missa ekki í burtu, þau grunnskólabörn sem þegar eru á staðnum. Æskilegt væri að mati hópsins að fjölga íbúum, helst barnafjölskyldum og bent á að hægt væri m.a. að virkja fósturforeldra í því sambandi. Forsendan sé þó sú að í boði verði heilsárs íbúðarhúsnæði.

Fram kom áhugi á að bæta leikaðstöðu og -tæki, s.s. útileikföng, kastala og þrautabrautir.

Þá var rætt um „markaðssetningu“ grunnskólans og nefnt að í boði er einstaklingsmiðað nám og ókeypis hádegismatur.

Lögð var áhersla á þátttöku samfélagsins í viðburðum.

Rætt var um ýmsar leiðir til að gera enn betur fyrir yngstu kynslóðina, svo sem:

- Efla frístundastarf.
- Skoða samstarf við UMFB og önnur félög – virkja unga fólkið í samfélaginu.
- Styrkir til að stunda frístundastarf, t.d. á Egilsstöðum (fjárhagsáætlun).
- Möguleikar á samverustundum í Vinaminni.
- Opið hús í grunnskólanum.
- Auka virkni á samfélagsmiðlum – fjölmiðlaumfjöllun.

Næstu skref

- Heilsárshúsnæði fyrir fjölskyldufólk.
- Ræða við unga fólkið og félagasamtökin um samverustundir.
- Stofna Fésbókarhópin „Börn á Borgarfirði“ þar sem hægt væri að skipuleggja hittinga.
- Leiktæki; skoða lög og reglugerðir – fjárhagsáætlun.



9. ÁSÝND, UMHVERFI, MARKAÐSSETNING OG UMFJÖLLUN

Hér var slegið saman nokkrum umræðuefnum sem málshefjendur töldu eiga vel saman, þ.e. „ásýnd, umhverfi, markaðssetningu og umfjöllun“.

Umræðan lýsti metnaði gagnvart ásýnd byggðarlagsins og vitund um sameiginlega ábyrgð, þar sem grunnurinn sé virðing fyrir umhverfinu og staðnum.

Rætt var um ábyrgð sveitarfélagsins annars vegar og ábyrgð íbúa hinsvegar, sem snúi að firðinum, húsi og lóð viðkomandi. Sem dæmi um umbótaverkefni var eftirtalið nefnt: Sláttur, gangstéttir, kantsteinar, blóm, tré, fjaran, ónýtir bílar og ruslatunnur.

Stungið var upp á að halda vinnudag allra íbúa, t.d. laugardaginn fyrir sjómannadag.

Þá var varpað fram hugmynd um samræmd, falleg skilti með upplýsingum og umfjöllun um sögu.

Í umræðu um markaðssetningu og umfjöllun kom m.a. fram að mikilvægt sé að láta vita af sér og rækta tengsl við fjölmiðla. Leggja ætti áherslu á samræmda umfjöllun, öfluga heimasíðu og gefa mætti út auglýsingabækling undir nafni Borgarfjarðar eystri. Stungið var upp á slagorðinu „Borgarfjörður eystri – fagur og friðsæll“.

Loks ræddi hópurinn hugmynd um „Gönguþorpið“, sem myndi byggjast á gönguhring og rætt um strandstíg „úteftir“ sem gæti t.d. endað við Kjarvalsminnisvarðann (bílastæðið). Mögulegt væri, að mati þátttakenda að sækja um styrk fyrir slíkt verkefni.

Næstu skref

- Sveitarfélagið (batterið)
 - Samræmd umfjöllun.
 - Fjölmiðlavakt.
 - Blóm og tré.
 - Hreinsun – opin svæði, bílhræ, iðnaðarlóðir, gangstéttar, kantsteinar, fjaran, ruslatunnur.
 - Falleg skilti – söguskilti/upplýsingar/þjónusta.
- Íbúar
 - Virðing fyrir umhverfinu – fjörðurinn okkar.
 - Vinnudagur íbúa – hreinsun / fegrun t.d. laugardaginn fyrir sjómannadag.
 - Þeir sem ekki ráða við að hreinsa í kringum sig, fái aðstoð við það.
- Verkefni styrkir?
- Gönguþorpið/ sögustígur.
- Strandstígur.
- Kynningarátak.

„Virðing fyrir umhverfinu, staðnum.“

10. VIRKT OG GOTT SAMFÉLAG

Hér verður fjallað um skilaboð fimm hópa sem ræddu um ýmis samfélagsmál, s.s. samskipti, félagsstarf, afþreyingu, hátt hlutfall sumarhúsa og fjölmenningsamfélag.

10.1 FYRIRMYNDARSAMFÉLAG – SAMSKIPTI

Þessi hópur lagði áherslu á að Borgfirðingar rækti enn frekar með sér samkennd og hugsu sem heild. Það byggir á virðingu og trausti og að vanda sig í samskiptum, með hreinskiptni að leiðarljósi og ekkert baktal. Taka þurfi vel á móti nýju fólki. Varpað var fram hugmynd um einhvers konar leiðbeiningar, samfélagsáttmála og sagt „lífi fjölbreytileikinn“.

Næstu skref

- Samfélagsáttmáli verði útbúinn og skipaður verkþópur sem ber ábyrgð á framkvæmdinni.
- Íbúar geri eitthvað saman einu sinni á ári til að efla hópinn og auka samkennd. Múrar brotnir.
- Hvatning til þátttöku verði eflað og samfélagsleg ábyrgð íbúa sem felst meðal annars í því að mæta á viðburði.
- Hafa ábyrgðaraðila sem kemur hugmyndum og atburðum á koppinn.
- Hvatning til dægrastyttingar verði eflað, t.d. að fyrirtæki taki þátt með börnum í óskudeginum og íbúar verði með á skemmtun í skólanum.

- Setja upp fasta punkta í viðburðum sem íbúar „eiga“.
- Fá utanaðkomandi aðila t.d. sérfræðing í hópefli til að vera með erindi fyrir íbúa.
- Efla samstarf við Framfarafélagið og benda mönnum á það. Sækja t.d. um styrk þaðan í þetta verkefni.
- Hópefli til að efla íbúana sem heild.
- Fá „peppara“ með erindi – t.d. Margréti Gauju Magnúsdóttur.
- Virkja sumarhúsaeygendur til ábyrgðar.
- Færa nýfæddum einstaklingum glaðning.
- Taka vel á móti nýjum íbúum.
- Gera aðgerðaáætlun til að halda í barnafjölskyldur. Til dæmis að leggja könnun fyrir foreldra barna í grunn- og leikskóla og fá fram vilja þeirra. Íbúakönnun.
- Kynna samfélagsáttmála, t.d. á heimasíðu svo barnafjölskyldur sækir frekar hingað.



10.2 FÉLÖG OG AFBREYING

Einn hópur ræddi um félög og annar um afþreyingu, en sá fjallaði líka um ferðaþjónustu og handverk, sem gert var skil í kafla 7 hér á undan. Hér er slegið saman niðurstöðum um félög og afþreyingu fyrir heimamenn.

Rætt var um þörf fyrir aukna afþreyingu yfir vetrartímann, sérstaklega fyrir heimafólk. Stungið var upp á að stofna afþreyingarnefnd sem gæti t.d. verið skipuð fulltrúum frá kvenfélagi, skóla og hreppsnefnd. Einnig mætti, að mati hópsins, hafa erlenda og innlenda ferðamenn í huga, varðandi aukna afþreyingu yfir veturinn. Fram kom hugmynd um viðburðadagatal fyrir árið.

Settur var upp listi yfir þau félög sem þegar eru starfandi á Borgarfirði eystri, eða eins og það var orðað, „félögin sem við eigum“.

- Ungmennafélag Borgarfjarðar, UMFB.
 - Námskeið
 - Æfingar, hittingar, grunnskólanemendur og eldri saman.
- Kvenfélagið Einingin.
- Sveinungi.
 - Skemmtilegir hittingar
- Framfarafélag Borgarfjarðar.
 - Virkja og efla.
 - Bæta upplýsingagjöf.
 - Það er augljóst að það ætti að taka þátt.
 - Taka þátt í styrkjum með Brothættum byggðum eða utan þess verkefnis.

- Búnaðarfélag.
- Félag eldri borgara.
- Leikfélagið Vaka.
- Ferðamálahópur Borgarfjarðar.
- Foreldrafélag grunnskólabarna.
- Félag sumarhúsaeigenda?

Næstu skref

- Þeir punktar sem komnir eru fram við hvert félag.
- Efla upplýsingagjöf allsstaðar.
- Standa fyrir viðburðum af hvers konar tagi.
- Viðburðadagatal fyrir Borgarfjörð eystri / vetrardagatal og sumardagatal – taka þátt í því og setja eitthvað inn á það.
- Félögin geta sameinast um að beita aðila þrýstingi og unnið í samstarfi um það.
- Félögin taki þátt í samtalinu um verkefnið Brothættar byggðir og verði með í því.

„Félögin taki þátt í samtalinu um verkefnið Brothættar byggðir og verði með í því.“

10.3 ÍSLENSKUKENNSLA OG EFLING ERLENDRA ÍBÚA

Hluti íbúa á Borgarfirði eystri er af erlendum uppruna og var rætt um íslenskukennslu og eflingu erlendra íbúa.

Hópurinn velti upp ýmsum möguleikum til að bjóða upp á íslenskukennslu, til dæmis að athuga hvað er í boði hjá Austurbrú. Skoða mætti kostnað og styrki og athuga hvort hægt sé að gera þetta einfalt til að byrja með. Þá var rætt um möguleika á einkakennslu.

Ef til vill mætti nota ríkisborgararétt sem gulrót fyrir íslenskukennslu, sögðu þátttakendur.

En umræðan snerist um fleira en tungumálið, til dæmis að fræða mætti erlenda íbúa um samfélagið jafnt sem tungumálið, bjóða upp á stuðningsfjölskyldur og halda fjölmeningarkvöld.

Niðurstaða hópsins var sú að byrja á að ræða við erlenda íbúa og kanna þeirra áhuga.

Næstu skref

- Kanna áhuga og reyna að efla hann ef hann er lítill.
- Halda fund með íbúum og fræða þau um málefnið og fá hugmyndir þeirra um hvað þau myndu vilja gera.

10.4 SUMARHÚS

Hópur sem ræddi um sumarhús nálgast viðfangsefnið út frá því að hátt hlutfall sumarhúsa á Borgarfirði sé auðlind og tækifæri. Fram kom mikill áhugi á að virkja eigendur sumarhúsa, „fjarbúa“ enn frekar í þágu samfélagsins og veltu þátttakendur því fyrir sér hvernig væri hægt að ná til þeirra. Áhugi var á að þessi hópur tæki enn frekar þátt í viðburðum, til dæmis þorablóti.

Niðurstaða hópsins var sú að kanna áhuga á að stofna félag sumarhúsaeigenda.

Næstu skref

- Stofna „Fjarbúafélagið“.
- Fá lista hjá Jóni Þórðar, sveitarstjóra, yfir eigendur húsa.



11. HORFT ÚT Í HEIM

Í þessum kafla verður sagt frá þremur hugmyndum sem byggja á því að nýta alþjóðlega strauma og stefnur og höfða til erlendra markhópa. Þetta eru hugmyndir um vistþorp, heilsustofnun og lýðháskóla.

11.1 VISTÞORP

Stungið var upp á umræðu um vistþorp og er þegar hafinn undirbúningur af hálfu frumkvöðuls og með stuðningi frá Borgarfjarðarhreppi. Fram kom að svæði er fyrir hendi og að næsta skref sé að deiliskipuleggja og síðan að fá byggingarleyfi. Þorpið verði skipulagt og hannað samkvæmt svokölluðum vaastu arkitektúr. Á vefsíðunni vediska.net, segir m.a. um vaastu arkitektúr: „Vaastu fjallar um rúmið, hvernig við staðsetjum okkur í því og sem arkitektúr og byggingarlist, skýra fræðin sköpunarferilinn frá orku til efnis.“ Byggt er á fornri fræðahefð, sem grundvallast á stærðfræði, líkt og nútíma vísindi. Unnið er m.a. með staðsetningu, afstöðu, stærðir, samhljóm, hlutföll og innra samræmi. Til eru lífeðlisfræðilegar athuganir sem gefa til kynna að vaastu bygging hafi jákvæðar breytingar á líðan mannfólks.⁴

Eftirtalin atriði rötuðu á blað hjá hópnum:

- Hvað er það sem selur þessi hús?
 - Fallegur arkitektúr.
 - Bætt lífsgæði / byggt á vistvænan máta, efnisvalið.
 - Eina vaastuþorpið í heiminum.

⁴ www.vediska.net

Áhersla yrði lögð á heildarsýn á þorpið; stíl, náttúru og eldri form. Í markaðssetningu þyrfti að „búa til segul, höfða til þeirra sem eru óánægðir annars staðar“. Rætt var um að frumkvöðullinn sem á hugmyndina, byggi fyrsta húsið.

Næstu skref

- Deiliskipuleggja byggingarsvæðið.
- Fá byggingarleyfi fyrir fyrsta húsi.
- Fyrsta skóflustungan og bygging hefst.
- Markaðssetning og kynning á vistþorpinu og vaastu.



11.2 HEILSUSTOFNUN

Hér voru ræddar hugmyndir um heilsustofnun þar sem boðið yrði upp á Panshakarma hreinsun og meðferðir, samkvæmt hinni fornu indversku heilsufræði, Ayur veda. Fram kom að sækja þyrfti í reynslubanka erlendis og var í því sambandi nefndur möguleiki á samstarfi við fjölskyldu Ayur veda lækna sem reka heilsustofnun á Indlandi.⁵

Þetta skráði hópurinn á blað:

- Panshakarma.
- Endurhæfing / heilsuefling, t.d. allur heilsuvandi, fíknivandi og annar heilsuvandi.
- Hvað þarf til? Lækni, tækna og umsjón.
- Dr. Raju fjölskyldan.

Næstu skref

- Markaðssetning, auglýsa.
- Fá Dr. Raju til Íslands.
- Útvega húsnæði og byrja einn mánuð á ári, t.d. apríl.
- Smíða nauðsynleg meðferðartæki, t.d. bekkir.
- Athuga með tækna á Íslandi, t.d. Egilsstöðum.

⁵ www.vediska.net

11.3 LÝÐHÁSKÓLI

Hópur sem ræddi um stofnun Lýðháskóla lagði áherslu á að einangrun byggðarlagsins væri ekki galli heldur gæti nýst sem styrkleiki. Markhópurinn yrði alþjóðlegur og byggt á alþjóðlegu samstarfi. Skoða mætti samstarf og samlegð við LungA skólann á Seyðisfirði. Áherslur gætu verið tengdar náttúru, sjálfbærni og menningarsamfélaginu. Einnig að tengja mætti við Vedísk fræði og hugmyndina um heilsustofnun, sbr. hér á undan. Fyrirkomulagið yrði blanda af fjarvinnu / fjarnámi („work away“) og tímabundinni dvöl / staðlotum („residency“).

Lýðháskóli gæti verið atvinnuskapandi og aukið nýtingu á gistirýmum yfir veturinn og rennt styrkari stoðum undir veitingaþjónustu og verslun allt árið um kring. Bent var á að Fjarðarborg er laus á þessum tíma. Þá gætu í þessu falist starfsþróunarmöguleikar fyrir kennara. Það „þarf kraft og vinnu í undirbúning“, sagði hópurinn, en fólk var sammála um að skóli af þessu tagi myndi glæða bæinn lífi.

Næstu skref

- Stofnun starfshóps.
- Samtöl við samstarfsaðila; hreppinn, ferðaþjónustufyrirtækin, Líneik Sævarsdóttur, alþingsmann.
- Sækja um styrki, t.d. hjá Brothættum byggðum.
- Afla þekkingar – LungA skólinn, útlönd, Guðmundur Úlfarsson, grafískur hönnuður, Sigrún Halla Unnarsdóttir, fatahönnuður, o.fl.

12. STYRKLEIKAR OG SJÁLFBÆRNI

Hér verður sagt frá skilaboðum tveggja hópa sem horfðu vítt yfir sviðið og möguleikana. Annar hópurinn ræddi um styrkleika almennt og hinn um sjálfbærni.

12.1 STYRKLEIKAR

Hópur sem ræddi um styrkleika setti niður á blað allt það sem Borgarfjörður gæti nýtt sér til að sækja fram og var af nógu að taka.

- Náttúrufegurð.
- Víðfeðmi / Fjarlægð frá áreiti / gönguleiðir.
- Höfnin / lundinn.
- Nálægð við fiskimið.
- Vottað fráveitukerfi.
- Fjarskipti.
- Þriggja fasa rafmagn.
- Gestrisni / gott fólk / hlýtt viðmót.
- Gistirými.
- Þjónusta við ferðamenn.
- Bræðslan.
- Saga staðarins.
- Tryggð við staðinn.
- Einstaklega góður fiskur / lókal matur.
- Skipulagðar siglingar um annes Austurlands (Djúpivogur – Vopnafjörður).
- Refaveiðar / gönguskíði / snjósleðar.

Næstu skref

- Heimasíðan.
- Ýta undir vetrarferðamennsku.
- Ferðaskrifstofa / Tourist info.
- Saga staðarins – vinna með hana.
- Bræðslan - bátasafn.
- Opna verslun.



12.2 SJÁLFBÆRNI

Hópurinn byrjaði á að skilgreina það sem þau kölluðu sjálfbærniþætti:

- Auðlindir (einnig úrgangur, seyra og fiskúrgangur).
 - Hér mætti, að mati hópsins, leggja áherslu á sorpflokkun, moltugerð, fráveitu, vatnsnotkun og draga úr plastnotkun og notkun efna sem hafa skaðleg áhrif á umhverfið.
- Ferðaþjónusta.
 - Bent var á samfélagsleg vandamál sem geta skapast vegna ferðamanna.
- Menntun.
- Mannauður / vinnuafli sem heimafólk.

Hugmyndin um Borgarfjörð eystri sem sjálfbært samfélag getur tekið til eftirtalinna þátta, samkvæmt umræðu hópsins:

- Markaðssetning.
- Ímynd.
- Umgengni.
- Gróður / skógrækt (skógræktarhérað).
- Atvinnulíf.

Þá sé vert að líta til erlendra fyrirmynda.

Fram kom í umræðu hópsins, að sjálfbærni sé ríkur þáttur í nýju aðalskipulagi. Samkvæmt upplýsingum frá Borgarfjarðarhreppi er vinna við nýtt aðalskipulag ekki hafin og því á eftir að móta það frekar. En þess má þó geta að í fyrsta kafla, fyrstu grein skipulagslaga nr. 123/2010, segir svo í lið c. um markmið laganna „...að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og

menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi,“.

Stungið var upp á að sveitarfélagið tæki að fullu upp vinnu við Staðardagskrá 21, sem er áætlun sveitarfélaga um sjálfbæra þróun.

Loks var rætt um „Dyrfjallagarð“ þar sem byggt yrði á sjálfbærni.

Þá höfðu þátttakendur áhyggjur af umferð út í Höfn á mjög mjóum vegi sem fylgir veruleg slyshætta.

Næstu skref

- Umhverfisstefna Borgarfjarðar fullmótuð með íbúum.
- Unnið að því að gera Borgarfjörð að sjálfbæru samfélagi (tilraunaverkefni með styrk).
- Úrbætur á vegi út í Höfn. Útskot og breikkun á áætlun.

„Unnið að því að gera Borgarfjörð að sjálfbæru samfélagi (tilraunaverkefni með styrk).“

13. SÖGUR OG SÖFN

Sá auður sem Borgarfjörður á í sögu og sögum var ýmsum hugleikinn á þinginu. Þetta var rætt annars vegar í hópi sem fjallaði um sögur og hins vegar í hópi sem skoðaði hugmyndir um söfn og aðrar leiðir til að miðla sögunni. Hér eru hugmyndum hópanna gerð skil hvorum í sínu lagi, þótt þær skarist að hluta.

13.1 SÖGUR

Hópurinn taldi mikilvægt að varðveita sögur og sagnahefð og skráði á lista á hverju mætti byggja og hvernig mætti miðla.

Þessir punktar rötuðu á blað:

- Fljótsdæla, sagan af Gunnari Þiðrandabana – fornsögur.
- Gellivör, Naddi, álfar. Skeljaglámur, taumar og illhveli.
- Árið 1943, tók breskur dráttarbátur timburskip í tog og sökk, mikil saga, sem mætti segja bæði frá sjó og landi (Borgarfjörður og Héraðsmenn). Mörg hús voru byggð úr timbrinu sem báturinn flutti.
- Stríðsárin - þegar rommið rak í Brúnavík.
- Sögur og ljóð frá Jónbjörgu S. Eyjólfsdóttur og Sigurði Ó. Pálssyni.
- Skemmtilegir karakterar og kynlegir kvistir.

Fram kom að víða megi afla heimilda, t.d. sé mikið til af viðtölum úr útvarpi og sjónvarpi. Þá var einnig sagt „varðveita nútímann“ og að tengja ferðabjónustu og leyfa gestum að njóta heimamanna og þeirra sagna.

Með því að setja upp söguskilti mætti varðveita bæði sögur og umhverfi, sögðu þátttakendur. Önnur hugmynd tengd skiltum var sú að setja upp ljósmyndir af kynlegum kvistum og sögu þeirra. Einnig var rætt um útgáfu sagna með korti af söguslóðum.

Loks var rædd sú hugmynd að hafa uppistand / sagnakvöld, þar sem sagðar yrðu sögur og að selja mætti inn, sem fjáröflun. Þessu tengt var hugmynd um að haldin yrði „sérstök dagskrá með Sunnuholtsbræðrum sem segja sögur frá Brúnavík“.

Næstu skref

- Útgáfa sagna með korti af söguslóðum.
- Skrifa og skrifa og gefa út sögur af svæðinu.
- Setja upp ljósmyndir af kynlegum kvistum og sögu þeirra.
- Selja inn á sagnakvöld/uppistand sem fjáröflun.
- Fjáröflun.



13.2 SÖFN

Þær hugmyndir um söfn sem hópurinn ræddi, hverfðust að talsverðu leyti um nýtingu Bræðslunnar, þar sem hægt væri að gera mörgum þáttum í sögu Borgarfjarðar skil.

Þetta var nefnt:

- Bátasafn (Bræðslan) og útgerðarsögusafn.
- Saga Kaupfélagsins, Er hægt að hafa slíkt í Bræðslunni líka?
- Álfar, álfasögur, álfahóll, álfabúningar. Er hægt að hafa það í Bræðslunni líka?
- Kjarval. Hægt að hafa það í Bræðslunni líka. Hafa sem sagt Bræðsluna sem eitt allsherjarsafn.

Þá kom fram að tengja mætti Lindarbakka og Bræðsluna saman.

Einnig var rætt um möguleika sem skapast í nýja húsinu við höfnina og þar nefnt sérstaklega safn tengt fuglum, fiskum, lífríki og náttúru.

Þá var rætt um upplýsingamiðstöð / afþreyingarstofu / ferðaskrifstofu, um sagnahefð og munnlega geymd og síðan leiðsöguskilti, þar sem sagan yrði sögð, eða eins og það var orðað „sagnasagan“.

Næstu skref

- Stofna bátasafn.
- Hugmyndavinna um að hafa önnur söfn þar líka. Tvinna allt svolítið saman.
- Finna áhugamanneskju um að taka saman sögur, efni. Það er til mikið um álfana og mikið um Kjarval, en þarf að taka saman um Kaupfélagssöguna.



14. FRAMTÍÐARSÝN – 2028

Undir lok þingsins var þátttakendum boðið í ferðalag inn í framtíðina, til að horfa á lífið og stöðuna á Borgarfirði eystra eftir 10 ár, árið 2028. Hér er gerð tilraun til að steypa öllum hugmyndunum saman í eina mynd.

Segja má að framtíðarsýnin kristallist í þessum orðum: „Ég sé fyrir mér öflugt og samheldið samfélag með fullt af ungu fólki sem er að rétta okkur við. Atvinnulífið hefur rétt, eða er að rétta úr kútnum. Við höfum verslun og erum farin að fullvinna sjávarfangið okkar meira. Fagurt umhverfið, sem vel er hugsað um. Vistþorpið fallega er blómlegt og fullt af lífi. Hamingjan er hér.“

FLEIRA FÓLK, MEIRA LÍF

Íbúum hefur fjölgað og eru nú á bilinu 150 til 200 manns, jafnvel allt að 500. Byggð hafa verið nokkur ný hús í þorpinu, hús eru í byggingu og búið að gera upp fleiri hús. Það eru fleiri jarðir í ábúð og öll sumarhús eru full á ný. Einhver sá fyrir sér tvö stór býli í Loðmundarfirði og eitt í Húsavík.

Byggðasvæðið er stærra og þéttara, mögulega hefur byggðin þróast ofan við þorpið og íþróttavöllinn og komin að Álfaborginni. Nú er ljós í fleiri gluggum. Húsin í þorpinu eru glaðleg á litinn og blómaker víða um þorpið.

Margar fjölskyldur hafa sest að í firðinum og fólkið sem fór er komið aftur. Það er iðandi mannlíf og margir og vel sóttir viðburðir allt árið.

Borgarfjörður er vinsæll áfangastaður ferðamanna og fjöldi ferðamanna á degi hverjum, er álíka og fjöldi íbúa. Þetta eykur fjölbreytni í afþreyingu, fyrir

bæði heimamenn og gesti og auðgar mannlífið enn frekar. Gönguleiðir í þorpinu og gönguparadís í vikum og fjöllum, auka búsetugæði.

Á fallegum dögum er fólk á ferli, margir á göngu í þorpinu og krakkar að leika sér úti. Áhugi á hestamennsku hefur vaxið og komin er sundlaug. Mannlífið er fjölbreytt og nú eru fleiri tækifæri til menntunar. Sjá má fleiri rafmagnsbíla.

Byggðin er blómleg og hér er lögð áhersla á sjálfbærni, friðsæld, hreinleika og snyrtimennsku.

Einhver sá Ásgrím Inga fyrir sé á tröppunum í Fjarðarborg.

Fólk enn að vinna að markmiðum síðan 2018. Samfélagið er öflugt, það ríkir bjartsýni og gleði og vissa um að þorpið á sér framtíð.

AUKIN ATVINNA

Staða atvinnulífs hefur batnað, með fleiri og fjölbreyttari störfum. Á Borgarfirði eru nú fleiri og stærri bátar og e.t.v. er kvótinn ekki lengur í einkaeign. Farið er að fullvinna sjávarfangið meira. Landbúnaður er blómlegur, þar sem m.a. er öflug sauðfjárrækt.

Ferðaþjónusta er nú orðin heilsárs atvinnugrein og ný og óþekkt fyrirtæki (önnur en ferðaþjónusta) hafa tekið til starfa.

„Það er næg atvinna og hagsæld og Kalli kóngur lítur yfir byggðina og brosir“, sagði einhver.

ÖFLUG FERÐAÞJÓNUSTA

Borgarfjörður eystri er vinsæll áningarstaður og ferðaþjónustan hefur eflst til muna.

Svæðið laðar sérstaklega að sér útivistarfólk, enda hafa gönguleiðir verið bættar og eru nýttar vel. Bæði þorpið og allt svæðið, vikur og fjöll, er sannkölluð gönguleiðaparadís!

Fyrirtækið Blábjörg gegnir stóru hlutverki í ferðaþjónustu og Oddi hefur verið stækkaður og er kominn með nýtt útlit.

Einhver sá fyrir sér veitinga- og gististað á Glettingsnesi.

Þá voru uppi metnaðarfullar hugmyndir varðandi flugvöll og sagði einhver „Sjálflysandi flugvélar að lenda með ferðamenn á flugvellinum. Þar er golfhótel.“ Og: „Nýju hljóðlausu flugförin eru æði“.

BETRI SAMGÖNGUR OG BÆTT HÖFN

Samgöngur hafa batnað til muna. Búið er að malbika veginn milli Egilsstaða og Borgarfjarðar og komin eru göng til Héraðs um Sandaskörð. Nú er jafnvel kominn nýr vegur til Egilsstaða þ.e. innvegurinn til Loðmundarfjarðar.

Búið er að stækka hafnaraðstöðu fyrir smábáta. Gamla höfnin iðar af lífi, þar eru skemmtibátar og fullt af fólki.

VERSLUN

Starfandi er verslun á Borgarfirði, sem er í fullum rekstri. Ef til vill er hún við hlið Fjarðarborgar og kannski eiga Borgfirðingar nú verslunarkjarna, -torg. Um er að ræða samþættingu á kjörbúð; fallegri búð með dagvöru, upplýsingamiðstöð og verslun fyrir ferðamenn, þ.m.t. sölu á handverki frá Borgfirðingum.

FALLEGT UMHVERFI

Ásýnd svæðisins sæmir vel þeirri dásemdar náttúrufegurð sem Borgarfjörður býr yfir. Vel er hugsað um þetta fallega umhverfi og áhersla á snyrtimennsku. Ásýnd Bræðslunnar er breytt, svo sómi er að.

Einhver sá fyrir sér „stórundarlegt listaverk framan við sparkhöllina“.

Kannski er Borgarfjörður orðinn Grænfánaþorp og/eða að vistþorpið fallega er blómlegt og fullt af lífi.

Falleg upplýsingaskilti segja sögu staðarins.

HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA OG ÞJÓNUSTA VIÐ ALDRAÐA

Byggt hefur verið við félagsheimili eldri borgara, Vinaminni; þjónustuhús fyrir aldraða og heilsugæslusel og komið er heimili fyrir aldraða.

Sjúkrabíll stendur utan við heilsugæslu.

Eða ef til vill er risið heilsuhæli með heilbrigðisþjónustu.

BLÓMSTRANDI SKÓLAR

Grunn- og leikskólar blómstra og skólastarf er gott. Risin er ný og stærri skólabygging. Nú eru 30 börn í grunnskóla og 20 í leikskóla.

Hugsanlega er skólinn fluttur inn í vistþorp ásamt öðrum stofnunum.

Í þorpinu er lýðháskóli með tónlistarbraut og ljósmyndaskóla.

ALÞJÓÐLEGIR STRAUMAR

Borgarfjörður hefur tekið forystu á landsvísu varðandi heilsu og sjálfbærni, er ört vaxandi samfélag sem hefur vakið athygli alþjóðlega fyrir árangur sinn á ofangreindum sviðum.

Einhver sagði: „Það er komin mynd á stækkandi vistþorp. Þar er lýðheilsustofnun, jafnvel einhvers konar framhaldsnám, kannski lýðháskóli.“

Og annar sagði: „Ég var ánægður með að sjá öll húsin sem búið var að reisa í vistþorpinu og Fjarðarborg var hér enn.“

Þá var sagt: „Fjölbjóðlegt samfélag með vistþorpi sem samt stendur á höfuðatvinnuvegum“ og var vísað til Skála á Langanesi.



„Ég sé fyrir mér öflugt og samheldið samfélag með fullt af ungu fólki sem er að rétta okkur við.“

15. AÐ LOKUM

Með íbúáþinginu hófst verkefnið Betri Borgarfjörður og fer þar með inn í verkefni Byggðastofnunar, Brothættar byggðir. Í verkefnislýsingu þess, hefur verið skilgreint loforð gagnvart íbúum, sem hljóðar svo:

„Þetta er loforð um að vinna með íbúum og hagsmunaaðilum til að tryggja að áhyggjuefni þeirra og metnaðarmál hafi bein áhrif á þá valkosti sem teknir verða til skoðunar í verkefninu.

Verkefnisstjórnin mun leggja niðurstöður stefnumótunar og verkefnisáætlun fram til umfjöllunar hjá aðilum verkefnisins og stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál, til að tryggja samstöðu um verkefnið. Enn fremur að koma niðurstöðunum á framfæri við stofnanir og fyrirtæki sem hafa áhrif á þjónustustig og þróun viðkomandi byggðarlags til að stuðla að því að ákvarðanir þessara aðila taki mið af áherslum íbúanna.“⁶

Þegar þetta er skrifað hefur verið ráðinn verkefnisstjóri sem mun sinna bæði Borgarfjarðarhreppi og Breiðdalshreppi og hafa aðsetur á Borgarfirði.

Í framhaldinu gegna verkefnisstjórn og verkefnisstjóri mikilvægu hlutverki við að leiða verkefnið áfram, en jafnframt verða haldnir íbúafundir reglulega. Á íbúáþinginu ríkti mikill samhugur og hann, ásamt frumkvæði heimamanna mun ráða mestu um hvernig tekst að nýta þau fjölmörgu tækifæri sem íbúar og brottfluttir sjá á Borgarfirði eystra.



6

https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar_byggdir/verklýsings/verkefnislysing-brothaettra-byggda-utg.2.2-juni-2017.pdf, bls. 8